



REGLUGERÐ UM ÍSLANDSMÓT GOLFKLÚBBA Í KARLA- OG KVENNAFLOKKI

1. kafli

1. gr.

GSÍ gengst árlega fyrir sveitakeppnum í flokkum karla og kvenna.

2. gr.

Stjórn GSÍ skal auglýsa mótin og hafa yfirumsjón með framkvæmd þeirra. Hún skal skipa mótsstjórn í samráði við klúbbinn þar sem mótið fer fram a.m.k. einum mánuði fyrir mótið. Viðkomandi klúbbur skal skipa a.m.k. einn dómara og leggja dómurum og mótsstjórn til golfbíla, talstöðvar eða önnur fjarskiptatæki og sjá um kostnað vegna mótsstjórnar og dómara. Skipaður dómari í tveimur efstu deildum karla og kvenna skal hafa landsdómararéttindi. Þó nægja héraðsdómararéttindi ef 2. deild er jafnframt neðsta deild. Framkvæmd mótsins skal vera í samræmi við lágmarkskröfur í viðauka I.

3. gr.

Stjórn GSÍ ákveður þáttökugjöld sem renna til klúbbsins þar sem mótið fer fram.

GSÍ á allan rétt gagnvart ljósvakamiðlun frá mótinu. Klúbburinn þar sem mótið fer fram skal útvega fjölmiðlum viðeigandi aðstöðu í klúbbhúsi. Stjórn GSÍ hefur rétt til að kynna samstarfsaðila sína á þeim golfvöllum sem mótið fer fram, í formi skilta, með fánum eða öðrum þeim hætti sem stjórn GSÍ ákveður. Þá skal merki GSÍ ávallt koma fram á öllu því efni sem útgefið er í sambandi við mótið og jafnframt vörumerki þeirra aðila sem eru samstarfsaðilar GSÍ að mótinu.

4. gr.

Þátttaka skal tilkynnt GSÍ fyrir 1. júní. Hætti sveit við þátttöku meira en 30 dögum fyrir fyrsta leikdag skulu 50% þáttökugjalda endurgreidd. Hætti sveit við þátttöku innan við 30 dögum fyrir fyrsta leikdag verða þáttökugjöld ekki endurgreidd. Sá hluti þáttökugjalds sem ekki er endurgreiddur skal ganga til þess golfklúbbs sem heldur mótið þar sem endanleg fækkun á sér stað, sbr. 10. grein.

Nöfn leikmanna skal tilkynna til mótsstjórnar í síðasta lagi kl. 9:00 daginn fyrir fyrsta leikdag. Hafi þáttökutilkynning ekki borist í tíma er mótsstjórn heimilt að gefa klúbbi 6 tíma frest, en að honum loknum telst sveitin hafa fyrirgert keppnisrétti sínum og leikur þá í neðstu deild að ári.

Mótsstjórn er heimilt að fella niður keppni í einstökum deildum ef þáttökulið eru færri en þrjú.

Þátttaka í Íslandsmóti golfklúbba er jafnframt bundin því skilyrði að golfklúbbur sem skráir sveit til keppni samþykki að veita GSÍ aðgang að keppnisvelli sínum til að halda að lágmarki eitt mót á vegum GSÍ á næsta keppnisári, eftir nánara samkomulagi við stjórn GSÍ.



5. gr.

Almennir keppnisskilmálar og almennar staðarreglur, sem stjórn GSÍ setur, skulu gilda í mótinu. Mótsstjórn getur þó auglýst viðbætur og frávik ef þörf krefur. Jafnframt skal hún hafa eftirlit með merkingum vallar og holustaðsetningum og getur ákveðið breytingar. Þá getur mótsstjórn ákveðið að fresta eða fella niður umferð eða umferðir vegna veðurs. Staðarreglur og keppnisskilmálar skulu vera fyrir hendi þegar á fyrsta æfingadegi.

6. gr.

Hver klúbbur sem sendir leikmenn á mótið skal tilnefna liðsstjóra. Liðsstjóri skal gæta hagsmuna keppenda viðkomandi klúbbs og koma fram fyrir þeirra hönd gagnvart mótsstjórn, þó ekki umfram það sem golfreglur heimila.

2. kafli

7. gr.

Sveitakeppni í 1. deild karla og kvenna skal fara fram á 18 holu keppnisvelli. Einn æfingahringur er innifalinn í mótsgjaldi. Skytt er að keppnisvellir séu opnir til æfinga fyrir skráða keppendur í tvo síðustu daga fyrir mótið. Heimilt er mótsstjórn að takmarka æfingu við eina umferð á dag og skipuleggja rástíma ef með þarf.

8. gr.

Hver klúbbur má senda til keppni eina sveit í karla- og kvennaflokki. Sveitir skulu skipaðar allt að 9 leikmönnum í 1. deild í karlaflokki, 8 leikmönnum í 1 deild í kvennaflokki og 2. deild í karlaflokki og allt að 6 leikmönnum í öðrum deildum. Fjöldi leikmanna sem leika í hverri umferð kemur fram í 12. grein.

Liðsstjóri má vera einn af leikmönnum liðsins. Liðsstjóri getur tilnefnt varamann í eigin forföllum.

Sækja má um heimild til stjórnar GSÍ til að tveir eða fleiri klúbbar sendi sameiginlega sveit til keppni ef ekki reynist unnt að manna sveit til keppinnar. Verða skal við slíkri beiðni ef fyrir liggur að klúbbur geti ekki skipað sveit kyflinga sem allir hafa lægri forgjöf en hér segir:

Deild	Karlar	Konur
1.	5	10
2.	10	15
Aðrar	15	

9. gr.

Hljóti keppandi frávísunarvíti í einhverri umferð keppinnar tekur vítið einungis til viðkomandi umferðar, nema mótsstjórn ákveði annað.

Hljóti sveit frávísun úr keppninni í heild sinni áður en riðlakeppni lýkur skulu úrslit leikja sem



hún hefur leikið fyrr í riðlakeppninni falla niður og hafa þar af leiðandi ekki áhrif á úrslit mótsins. Sama gildir varðandi keppni um 5. - 8. sæti.

10. gr.

Í flokkum karla leika 8 sveitir í öllum deildum, að undanskilinni neðstu deild þar sem fjöldi liða er að lágmarki 3 en allt að 10. Í 1. deild kvenna leika 8 sveitir en hámarksfjöldi sveita í neðri deild kvenna er 12. sveitir. Skrái 13 sveitir eða fleiri sig til leiks í neðri deild kvenna skal leikið 2. deild kvenna þar sem leika skulu 8 sveitir.

Úr hverri deild karla og 1. deild kvenna falla þær sveitir sem lenda í 8. sæti, sama á við um 2. deild kvenna verði hún leikin. Úr neðri deildum skulu ganga upp þær sveitir sem enduðu í 1. sæti.

Ef einhver sveit tilkynnir ekki þátttöku eða hættir við þátttöku skulu sveitir sem fallið hafa milli deilda hafa forgang fram yfir sveitir sem lentu í öðru eða lægri sæti í deildinni fyrir neðan, þannig að aðrar deildir en neðstu deildir verði skipaðar átta sveitum. Þó skal ekki fylla sætið sem losnaði ef:

- a) Sveit hættir við þátttöku innan við 14 dögum fyrir 1. leikdag, eða
- b) Sveitin sem féll árið á undan eða sveitir sem lentu í sætum 2-4 í deildinni fyrir neðan þiggja ekki flutning í efri deildina.

Nýjar sveitir skulu leika í neðstu deildum hvors flokks. Sé fjöldi nýrra sveita það mikill að stofna þurfi nýja deild skal dregið um það hvernig sveitir raðast milli deilda og hvernig röð þeirra skuli vera innan deilda.

11. gr.

Í öllum deildum karla, að undanskilinni neðstu deild, og 1. deild kvenna skal leika holukeppni þar sem liðunum er skipt í tvo riðla, A og B, sama gildir um 2. deild kvenna verði hún leikin. Úrslit fyrra árs ræður röð sveita þannig að í A riðli keppa þau lið sem voru í sætum 1, 4, 5 og 8 og í B riðli keppa þau lið sem voru í sætum 2, 3, 6 og 7.

Í neðstu deild karla skal skipta liðunum með eftirfarandi hætti þar sem úrslit fyrra árs ræður röð sveita:

- Ef 11 lið eða fleiri eru skráð til þátttöku skal stofnuð ný deild. Lið í sætum 2-8 í neðstu deild frá fyrra ári leika þá í nýrri næst neðstu deild ásamt neðsta liði í næstu deild fyrir ofan. Önnur lið í nýrri neðstu deild.
- Ef 9 eða 10 lið eru skráð til þátttöku skal leikinn 2 x 18 holu högggleikur. Fjórir leikmenn skulu leika högggleikinn úr hverri sveit og þrjú bestu skor gilda í hvorri umferð. Ef lið eru jöfn eftir högggleikinn ræður 4. skor í báðum umferðum röð liðanna. Ef lið eru enn jöfn ræður besta skor í síðari umferðinni. Ef lið eru enn jöfn ræður besta skor í annarri hvorri umferðinni. Ef lið eru enn jöfn ræður hlutkesti röð. Að loknum högggleikum leika fjögur efstu liðin holukeppni í undanúrslitum, þar sem 1. sæti leikur við 4. sæti og 2. sæti við 3. sæti. Leikinn er einn fjórmenningur og tveir tvímenningar. Sigurvegarar í undanúrslitum leika til úrslita með sama fyrirkomulagi og lið sem tapa í undanúrslitum leika um 3. sæti með sama fyrirkomulagi.



- Ef 8 lið eru skráð til þátttöku er liðunum skipt með hefðbundnum hætti, tveir riðlar A og B.
- Ef 7 lið eru skráð til þátttöku er liðunum skipt í tvo riðla A og B þar sem 1, 4 og 5 keppa í A riðli og 2, 3, 6 og 7 í B riðli. Yfirseta verður í A riðli.
- Ef 6 lið eða færri eru skráð til þátttöku leika allir við alla í einum riðli. Sjá nánar í viðauka II.

Ákvæði um leikfyrirkomulag keppni í neðri deild kvenna er að finna í viðauka III.

12. gr.

Í hverri viðureign skal leika eftirtalda leiki og í þessari röð:

- 1. deild karla: Tvo fjórmenninga og þrjú tvímenninga
- 1. deild kvenna: Einn fjórmenning og fjóra tvímenninga
- 2. deild karla: Tvo fjórmenninga og þrjú tvímenninga sé leikið á 18 holu velli, annars einn fjórmenning og tvo tvímenninga.
- Aðrar deildir karla: Einn fjórmenning og tvo tvímenninga.
- Neðri deild kvenna: Tveir tvímenningar og einn fjórmenningur. Sjá nánar viðauka III.

Þegar leikið er í riðlum, í keppni um 5. – 8. sæti og þegar allir leika við alla (sex lið eða færri) gildir eftirfarandi:

- Hver leikur gefur eitt stig.
- Ef leikir eru jafnir eftir 18 holur skal leik hætt og hvort lið fær hálf stig.
- Úrslit ráðast af fjölda þeirra stiga sem sveitir hljóta. Sú sveit vinnur sem hlýtur flest stig.
- Verði sveitir jafnar að stigum ræður fjöldi unninna fjór- og tvímenninga röð.
- Ef enn er jafnt ræður innbyrðis leikur.
- Ef ekki fást úrslit eins og að framan greinir skal leika bráðabana um röð. Hver sveit teflir fram einu fjórmenningsliði.

Í útsláttarkeppni (keppni um 1. – 4. sæti) skal leika alla leiki til úrslita nema ef röð sveitanna er orðin ljós, þá teljast jafnir leikir eftir 18 holur helmingaðir.

13. gr.

Liðsstjóri skal tilkynna liðsskipan skriflega til mótsstjórnar eigi síðar en við lok liðsstjórafundar daginn fyrir 1. umferð.

Vegna annarra umferða gildir:

- a) Í riðlakeppni, í keppni um 5. – 8. sæti og þegar allir leika við alla (sex lið eða færri) skal liðsstjóri skila liðsskipan innan 30 mínútna eftir að leik viðkomandi sveitar lauk í umferðinni á undan.
- b) Í útsláttarkeppni (keppni um 1. – 4. sæti) skal liðsstjóri skila liðsskipan innan 30 mínútna eftir að (a) leik viðkomandi sveitar lauk í umferðinni á undan og (b) leik sveitar mótherjans lauk í umferðinni á undan.

Mótsstjórn skal birta ráslista með nöfnum leikmanna jafnskjótt og liðsstjórar beggja sveita í



viðureign hafa skilað liðsskipan til mótsstjórnarinnar, en þó ekki fyrr en 2 klst. fyrir fyrsta rástíma umferðarinnar

Eftir að ráslisti með nöfnum leikmanna hefur verið birtur má ekki breyta liðsskipan.

14. gr.

Í 4 sveita riðlum skulu sveitir leika þannig saman:

1. umf.	2. umf.	3. umf.
2-3	2-4	3-4
1-4	1-3	1-2

Í 3 sveita riðlum skulu sveitir leika þannig saman:

1. umf.	2. umf.	3. umf.
2-3	2-situr yfir	3-situr yfir
1-situr yfir	1-3	1-2

Í 4. og 5. umferð leika tvö efstu lið hvors riðils um sæti 1-4 þannig:

4. umferð.	2. sæti A – 1. sæti B
	1. sæti A – 2. sæti B

5. umferð. Lið sem tapa í 4. umferð keppa um 3. sæti, en þau sem sigra keppa um 1. sæti.

Þau lið sem lenda í 3. og 4. sæti hvors riðils keppa um sæti 5-8 þannig:

1. Úrslit leiks liða úr riðlakeppninni standa.
2. 4. umferð. 4. sæti A – 3. sæti B
3. sæti A – 4. sæti B
3. 5. umferð. 4. sæti B – 4. sæti A
3. sæti B – 3. sæti A

Í 3 sveita riðlum fellur út ein umferð um neðri sætin.

Röðun sveitanna ræðst af röðunarreglunni í 11. gr.

Mótsstjórn ákveður leikröð í hverri umferð.

15. gr.

Sigurvegarar í efstu deild hvors flokks hljóta titilinn Íslandsmeistari golfklúbba í viðkomandi flokki. Sigursveitir öðlast rétt til þátttöku fyrir Íslands hönd í sambærilegum mótum erlendis. Tilkynna þarf GSÍ innan 10 daga frá mótslokum, hvort sveitin nýtir sér réttinn til þátttöku erlendis. Ef hún gerir það ekki færast rétturinn til þeirrar sveitar sem hafnar í öðru sæti. Sigursveitir í öðrum deildum hljóta titilinn deildarmeistari viðkomandi deildar.



16. gr.

Að öðru leyti gilda Móta- og keppendareglur GSÍ.

Þannig samþykkt af stjórn GSÍ 15. júní 2026.



VIÐAUKI I

Kröfur um framkvæmd og umgjörð

Eftirfarandi lágmarkskröfur eru gerðar til mótsstjórnar um framkvæmd og umgjörð mótsins.

1. Fánar

Á mótstað skal flagga a.m.k. íslenska fánanum, fána klúbbsins þar sem mótið fer fram og fána GSÍ. Auk þess skal flagga fánum þátttökuklúbba, ef slíkir fánar eru tiltækir.

2. Ræsing

Fulltrúi mótsstjórnar skal sjá um ræsingu allra ráshópa. Ræsir skal m.a. tryggja að réttir leikmenn séu ræstir út í hverjum leik, í samræmi við áður tilkynnta liðsskipan.



VIÐAUKI II

Leikröð ef sex sveitir eða færri

Ef sex eða færri sveitir mæta til leiks skal fella niður höggleikinn og allar sveitirnar leika innbyrðis.

Sveitunum er þá raðað eftir samanlagðri forgjöf fjögurra forgjafarlægstu leikmanna hverrar sveitar. Ef fjórar lægstu forgjafir sveita eru jafnar skal hlutkesti ráða.

Forgjafarlægsta sveitin er nr. 1, sú næst lægsta nr. 2 o.s.frv. Sveitir mætast þannig í hverri umferð:

3 sveitir:

1. umferð	2. umferð	3. umferð
2 gegn 3	1 gegn 3	1 gegn 2
(Yfirseta: 1)	(Yfirseta: 2)	(Yfirseta: 3)

4 sveitir:

1. umferð	2. umferð	3. umferð
2 gegn 3	2 gegn 4	3 gegn 4
1 gegn 4	1 gegn 3	1 gegn 2

5 sveitir:

1. umferð	2. umferð	3. umferð	4. umferð	5. umferð
4 gegn 2	1 gegn 4	3 gegn 1	2 gegn 5	5 gegn 3
5 gegn 1	2 gegn 3	4 gegn 5	3 gegn 4	1 gegn 2
(Yfirseta: 3)	(Yfirseta: 5)	(Yfirseta: 2)	(Yfirseta: 1)	(Yfirseta: 4)

6 sveitir:

1. umferð	2. umferð	3. umferð	4. umferð	5. umferð
3 gegn 4	6 gegn 4	4 gegn 1	5 gegn 6	2 gegn 1
6 gegn 1	2 gegn 3	5 gegn 3	1 gegn 3	3 gegn 6
2 gegn 5	1 gegn 5	6 gegn 2	4 gegn 2	4 gegn 5



VIÐAUKI III Leikfyrirkomulag í neðri deild kvenna

1. gr.

Keppnin skiptist í tvo hluta:

- a) Höggleik, ein umferð.
- b) Holukeppni, fjórar umferðir.

Mótsstjórn ákveður holufjölda í hverri umferð. Holufjöldi í umferð getur verið ólíkur riðla.

Tímaáætlun skal tilkynnt liðsstjórum í síðasta lagi á liðsstjórafundi.

Ef sex eða færri sveitir mæta til leiks skal fella niður höggleikinn og allar sveitirnar leika innbyrðis. Sjá nánar í viðauka II.

Í höggleik telja samanlögð þrjú bestu skor í öllum flokkum. Verði skor sveita jöfn, ræður skor 4. manns úrslitum. Verði skor sveita enn jöfn skal lægsta skor ráða úrslitum. Ef ekki fæst niðurstaða með þessari aðferð ræður hlutkesti.

Úrslit úr höggleik ráða niðurröðun í riðla samkvæmt viðauka IV.

Í 4 sveita riðlum skulu sveitir leika þannig saman:

1. umf	2. umf.	3. umf.
2-3	2-4	3-4
1-4	1-3	1-2

Í 3 sveita riðlum skulu sveitir leika þannig saman:

1. umf	2. umf.	3. umf.
1-3	2-3	1-2

Mótsstjórn ákveður leikröð í hverri umferð.

Að riðlakeppni lokinni leikur:

4. sæti A riðils við 4. sæti B riðils um 7. sæti.
 3. sæti A riðils við 3. sæti B riðils um 5. sæti
 2. sæti A riðils við 2. sæti B riðils um 3. sæti
 1. sæti A riðils við 1. sæti B riðils um 1. sæti
 4. sæti C riðils við 4. sæti D riðils um 15. sæti.
 3. sæti C riðils við 3. sæti D riðils um 13. sæti
 2. sæti C riðils við 2. sæti D riðils um 11. sæti
 1. sæti C riðils við 1. sæti D riðils um 9. sæti
- o.s.frv.



2. gr.

Í högggleikskeppninni skal sveitum skipt í forgjafarhópa, þar sem dregið er um rásröð sex forgjafarlægstu sveitanna, þá næstu sex forgjafarlægstu sveitanna, og koll af kolli eftir fjölda þátttökusveita. Miðað skal við fjórar lægstu forgjafir hverrar sveitar. Ef fjórar lægstu forgjafir sveita eru jafnar skal hlutkesti ráða. Hópur forgjafarlægstu sveitanna skal ræstur út fyrst og forgjafarhæstu seinast.

Í hverjum ráshópi skulu þó aldrei vera fleiri en einn leikmaður úr hverri sveit. Liðsstjórar skulu tilkynna skriflega til mótsstjórnar röð leikmanna sinna, ekki síðar en kl. 20.00 daginn fyrir fyrstu umferð.

Í holukeppni skal liðsstjóri tilkynna skriflega til mótsstjórnar skipan liðs síns í fyrstu umferð eigi síðar en 30 mín. eftir að högggleik er lokið. Ef ekki er um högggleik að ræða skal tilkynna mótsstjórn um liðsskipan í 1. umferð eigi síðar en kl. 20.00 daginn fyrir 1. umferð. Í síðari umferðum skal tilkynning hafa borist mótsstjórn innan 30 mín. eftir að leik viðkomandi sveitar lauk í umferðinni á undan.

Mótsstjórn skal birta ráslista með nöfnum leikmanna jafnskjótt og liðsstjórar beggja sveita í viðureign hafa skilað liðsskipan til mótsstjórnarinnar, en þó ekki fyrr en 2 klst. fyrir fyrsta rástíma umferðarinnar.

Eftir að ráslisti með nöfnum leikmanna hefur verið birtur má ekki breyta liðsskipan.

3. gr.

Leikröð í ráshóp í högggleik ræðst af þeim útdrætti sem fór fram um rásröð. Nr. 1 slær fyrstur, næstur nr. 2 og síðan koll af kolli. Í holukeppni ákveður mótsstjórn leikröð.

4. gr.

Hver viðureign er tveir tvímenningar og einn fjórmenningur. Mótsstjórn ræður röð leikja.

Ef leikir í riðlakeppni (og þegar allir leika við alla) eru jafnir eftir lokaholuna í umferðinni skal leik hætt og hvort lið fær hálfst stig. Eftir riðlakeppnina skal leika alla leiki til úrslita nema ef röð sveitanna er orðin ljós, þá teljast jafnir leikir eftir lokaholuna í umferðinni helmingaðir.

Hver leikur gefur eitt stig. Úrslit ráðast af fjölda þeirra stiga sem sveitir hljóta í keppninni. Sú sveit vinnur sem hlýtur flest stig.

Verði sveitir jafnar að stigum ræður fjöldi unninna fjór- og tvímenninga röð. Ef enn er jafnt ræður innbyrðis leikur. Ef ekki fást úrslit eins og að framan greinir skal leika bráðabana um röð. Hver sveit teflir fram einu fjórmenningsliði.



VIÐAUKI IV Niðurröðun í riðla

Töflurnar sýna hvernig sveitir raðast í riðla eftir árangri í höggleið.

Dæmi: Ef sjö sveitir mæta til leiks verða sveitir sem höfnuðu í 1., 4., 5. og 7. sæti í höggleiðnum í A riðli og í B riðli verða sveitir sem höfnuðu í 2., 3. og 6. sæti í höggleiðnum.

7 sveitir:

A	B
1	2
4	3
5	6
7	

8 sveitir:

A	B
1	2
4	3
5	6
8	7

9 sveitir:

A	B	C
1	2	7
4	3	8
5	6	9

10 sveitir:

A	B	C
1	2	7
4	3	8
5	6	9
		10

11 sveitir:

A	B	C
1	2	9
4	3	10
5	6	11
8	7	

12 sveitir:

A	B	C
---	---	---



1	2	9
4	3	10
5	6	11
8	7	12

13 sveitir:

A	B	C	D
1	2	8	9
4	3	11	10
5	6	12	13
7			

14 sveitir:

A	B	C	D
1	2	9	10
4	3	12	11
5	6	13	14
8	7		

15 sveitir:

A	B	C	D
1	2	9	10
4	3	12	11
5	6	13	14
8	7	15	

16 sveitir:

A	B	C	D
1	2	9	10
4	3	12	11
5	6	13	14
8	7	16	15

17 sveitir:

A	B	C	D	E
1	2	9	10	15
4	3	12	11	16
5	6	13	14	17
8	7			

18 sveitir:

A	B	C	D	E
1	2	9	10	15
4	3	12	11	16



5	6	13	14	17
8	7			18

19 sveitir:

A	B	C	D	E
1	2	9	10	17
4	3	12	11	18
5	6	13	14	19
8	7	16	15	

20 sveitir:

A	B	C	D	E
1	2	9	10	17
4	3	12	11	18
5	6	13	14	19
8	7	16	15	20

21 sveitir:

A	B	C	D	E	F
1	2	9	10	16	17
4	3	12	11	19	18
5	6	13	14	20	21
8	7	15			

22 sveitir:

A	B	C	D	E	F
1	2	9	10	17	18
4	3	12	11	20	19
5	6	13	14	21	22
8	7	16	15		

23 sveitir:

A	B	C	D	E	F
1	2	9	10	17	18
4	3	12	11	20	19
5	6	13	14	21	22
8	7	16	15	23	

24 sveitir:

A	B	C	D	E	F
1	2	9	10	17	18
4	3	12	11	20	19
5	6	13	14	21	22
8	7	16	15	24	23



25 sveitir:

A	B	C	D	E	F	G
1	2	9	10	17	18	23
4	3	12	11	20	19	24
5	6	13	14	21	22	25
8	7	16	15			

26 sveitir:

A	B	C	D	E	F	G
1	2	9	10	17	18	23
4	3	12	11	20	19	24
5	6	13	14	21	22	25
8	7	16	15			26

27 sveitir:

A	B	C	D	E	F	G
1	2	9	10	17	18	25
4	3	12	11	20	19	26
5	6	13	14	21	22	27
8	7	16	15	24	23	

28 sveitir:

A	B	C	D	E	F	G
1	2	9	10	17	18	25
4	3	12	11	20	19	26
5	6	13	14	21	22	27
8	7	16	15	24	23	28